



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 73. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á Kirkjubæjarklaustri, 19. mars 2019, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sveinn Hreiðar Jenson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Karl Ingólfsson og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Jóna Björk Jónsdóttir, Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vonarskarð - 1709013

Umfjöllun um málefni Vonarskarðs, að beiðni stjórnar, á grundvelli minnisblaðs frá ALTA og annarra fyrirliggjandi gagna.

Heiða Guðmundsdóttir mætir símleiðis.

Gengið til dagskrár, eitt mál á dagskrá: Umfjöllun um málefni Vonarskarð, að beiðni stjórnar, á grundvelli minnisblaðs frá ALTA og annara fyrirliggjandi gagna.

Í upphafi óskar Karl Ingólfsson, fulltrúi Samút, bókunar vegna fundargerðar svæðisráðsfundar nr. 72 frá 6. mars 2019. Í upphafi þess fundar var ekki farið yfir málefni Vonarskarðs heldur einungis upptalning á rökum fyrir lokun Vonarskarðs.

Miklar umræður sköpuðust um umferð um Vonarskarð.

Karl Ingólfsson leggur fram tillögu um að leyfð verði umferð um Vonarskarð frá miðjum ágúst árlega. Einnig verði settur saman vinnuhópur frá viðkomandi aðilum sem fjalla um hvernig merkingum verði háttað og fyrirkomulag opnunar. Vinnuhópurinn muni ljúka störfum fyrir 1. júní 2019. Tillagan borin undir atkvæði.

Kl styður tillöguna, SHJ situr hjá, HGÁ, ÓJ, HG, og ÁBÓ styðja ekki tillöguna. Tillaga feld með fjórum atkvæðum gegn einu.

Formaður óskar eftirfarandi bókunar.

Niðurstaða umræðu er að engin gögn hafi komið fram sem hnekki fyrri ákvörðun svæðisráðs, sem kemur m.a. fram í eftirfarandi tilvitnun í fundargerð: "Meirihluti svæðisráðs vestursvæðis leggur því til við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að við þriðju útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar verði tillögum sérfræðingateymis sem vann skýrslu um Vonarskarð árið 2013 fylgt. Í þeirri skýrslu leggur teymið til að Vonarskarð njóti verndar sem óbyggðir (Wilderness Area) í flokki Ib samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) en ekki sem skipulagssvæði innan

verndarflokks II eins og það er nú. Í Hvítbók um náttúruvernd eru svæði í verndarflokki Ib venjulega stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manningum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra (bls. 229). Telur meirihluti svæðisráðsins þetta eiga við um Vonarskarð. Meirihluti svæðisráðsins vill jafnframt að umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð verði áfram óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snævipakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur."(sjá fundargerð 20.12.2016)

Samhliða því að ráðherra staðfesti breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar árið 2013 setti hann fram tilmæli til stjórnar um að skoða frekar nokkur atriði varðandi náttúruvernd og útivist í Vonarskarði. Þessi atriði voru:

- að gæta samræmis við skipulagningu útivistar almennings og náttúruverndar á svæðinu,
- að gæta þess að verði hestaumferð leyfð um skarðið þá verði því fylgt eftir með greinargóðum leiðbeiningum um hvar hún geti farið um án þess að valda spjöllum,
- að skoða betur þau mismunandi sjónarmið sem uppi eru um vélknúna umferð um Vonarskarð,
- að skoða betur hvort einstakir hlutar Vonarskarðs skuli falla í annan og strangari verndarflokk til að styrkja frekar stjórnun og samræmingu útivistar almennings, aðgengi og náttúruverndar á svæðinu (bréf dags. 12. júlí 2013).

Stjórn þjóðgarðsins og svæðisráð vestursvæðis hafa, eins og gert var ráð fyrir, haft niðurstöður rannsóknarteymis um Vonarskarð sem hóf störf júlí 2012 og skilaði skýrslu í mars 2013 að leiðarljósi við umbeðna endurskoðun. Ennfremur hefur verið farið í vettvangsferðir í Vonarskarð og fulltrúar: SAMÚT, Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4, Landsamtaka hjóltreiddamanna, starfsmenn þjóðgarðsins o.fl. hafa komið með margvísleg innlegg í umræðuna. M.a. hefur verið í gangi umræða um að skoða möguleika á að leggja nýja akstursleið austan megin í skarðinu, fjarri viðkvæmustu svæðum þess og koma þannig til móts við þann hóp sem vill geta ekið um svæðið á milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls. Þeir sem kallað hafa eftir þessari opnun hafa bent á að hægt væri að hafa leiðina einungis opna völdum hópi sem treystandi væri til að ferðast um svæðið á ábyrgan hátt. Slíkt fyrirkomulag myndi að mati svæðisráðs kalla á virkt eftirlit með akstursleiðinni. Ef þarna væri skilgreind akstursleið er nánast útilokað að hafa stjórn á hverjir eru þar á ferð án öflugss eftirlits. Engin aðstaða er til slíks eftirlits nema settar yrðu upp nýjar landvarðastöðvar við báða enda hennar, með tilheyrandi kostnaði. Slíkt er þvert á þá stefnu svæðisráðs að hækka verndargildi svæðisins og halda uppbyggingu innviða í algjöru lágmarki. Víðerni Íslands eru einstök á heimsmælikvarða og þarfnast verndar þar sem stöðug sókn er í skerðingu þeirra. Íslendingar bera ábyrgð á um 40% af víðernum Evrópu. Þessa ábyrgð ber að taka alvarlega.

Á endurskoðunartímabilinu hefur ýmislegt breyst í umgjörð ákvarðanatökunnar svo sem fjöldi ferðamanna og tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs og hluta af gosbeltinu á heimsmínjaskrá UNESCO. Því er rík ástæða til að stíga varlega til jarðar í aðgengismálum og gæta vel að lítt eða ósnortnu víðernum. Gönguteljarar hafa verið uppi á aðkomuleiðum inn í Vonarskarð sl. tvö sumur. Þeir sýna að á svæðið fóru rúmlega 90 manns sumarið 2017 og 135 manns sumarið 2018. Teljararnir voru uppi á bilinu 59 til 63 daga hvort sumar.

Hvað minnisblað ALTA varðar eru þar engin efnisleg rök fyrir stefnubreytingu í málefnum Vonarskarðs, þar er aðeins gerð tillaga um mögulegt verklag ef til stæði að leyfa vélknúna umferð á nýjan leik í skarðinu.

Umhverfisráðuneytið beindi þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að skoða sérstaklega málefni Vonarskarðs og hafa samstarf við helstu hagsmuna- og umsagnaraðila um málefni þess í því skyni að tryggja að sem best yrði haldið á hagsmunum náttúruverndar og útivistar. Telur svæðisráð að lengra verði ekki gengið í þá átt að ná sáttum í þessu máli en að leyfa umferð vélknúinna ökutækja að vetri til í samræmi við almenna skilmála

um vetrarakstur. Mikilvægi svæðisins felst í náttúru þess og víðerni. Þangað sækja að sumarlagi göngumenn sem flokkast sem miklir náttúrusinnar (e. strong purists) á viðhorfskvarða (e. purist scale) þ.e. gestir sem sækja í óspillta náttúru og/eða lítt manngerð svæði með einfalda og fábrotna aðstöðu og fámenni. Hafa ber í huga að mögulegt er að beita ítölu inn á svæðið.

Það er því enn mat svæðisráðs vestursvæðis að frekar en auka aðgengi að Vonarskarði sé eðlilegra að hækka verndarflokkun svæðisins og færa það í flokk 1b skv. IUCN. Þar er megináherslan á viðhald upprunalegrar náttúru og reynt að forðast að byggja upp manngerða innviði. Ferðamenn munu eftir sem áður heimsækja þessi svæði, en verða þá að vera færir um að ferðast um þau án utanaðkomandi aðstoðar (Guidelines for Applying Protected Area Management Categories: by: IUCN, 2008). Í takt við þá viðleitni og til þess að ýta ekki undir frekari fjölgun ferðamanna í Vonarskarði leggur svæðisráð til, í yfirstandandi endurskoðun á Stjórnar- og verndaráætlun, að fallið verði frá byggingu gönguskála við Hnýfla og Svarthöfða og aðeins gert ráð fyrir tjaldsvæðum með lágmarksþjónustu og þurrsalerni. Sömuleiðis gerir svæðisráð ráð fyrir áframhaldandi banni við umferð reiðhjóla og banni við vélknúinni umferð í skarðinu nema á frosinni og snævipakinni jörð. Vetrarumferð velknúinna ökutækja verði ávallt óheimil á og við jarðhitasvæðið í Snapadal.

Svæðisráð treystir því að stjórn styðji við ákvörðun þess og ráðherra verði svarað í samræmi við hana.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með fjórum atkvæðum (ABÓ, ÓJ, HB og HGÁ), KÍ á móti og SHJ situr hjá.

Karl Ingólfsson óskar bókunar: Karl andmælir fullyrðingu í ofangreindri bókun um að ekki hafi komið fram ný rök varðandi lokun Vonarskarðs. Sigmundur Einarsson sýnir fram á í bréfi til náttúruverndarsamtaka sýnir að svokölluð Vonarskarðsskýrsla fjallar eingöngu um lítinn óskilgreindan hluta Vonarskarðs í Snapadal.

Fleira ekki gert, formaður þakkar fundarmönnum fyrir fundinn. Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.